



Umræðupunktur og svör

Hér að neðan má finna umræðupunkta í formi spurninga sem að hægt er að nota með fræðsluefninu um hatursorðræðu og skaðlega orðræðu. Eins má finna tillögur að svörum við spurningunum, en eðli málsins samkvæmt er oft ekki um eitt rétt svar að ræða.

1. Telur þú vera mikið um fordóma á Íslandi?

Hvað eru fordómar? Fordómar eru að dæma aðra fyrir fram vegna atriða eins og uppruna þeirra eða útliti. Við eigum öll til að byggja álit og skoðanir okkar á öðrum út frá staðalmyndum. Kannski dæmum við einhvern eftir uppruna, stétt eða fötlun. Fordómar byggja oft á ákveðinni vanþekkingu, ótta og óöryggi.

2. Ef að þú telur vera mikið um fordóma á Íslandi, hvernig fordómum hefur þú helst tekið eftir?

Algegn dæmi um fordóma eru rasismi, fordómar gegn hinsegin fólki og kvenfyrirlitning. Fordómar birtast oft í athugasemdum á netinu eða í myndböndum á samfélagsmiðlum.

3. Hvað er tjáningarfrelsi og hvers vegna er það mikilvægt?

Tjáningarfrelsi er rétturinn til þess að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum ásamt því að láta skoðanir og hugsanir sínar í ljós á einn eða annan hátt. Tjáningarfrelsið er verndað í 73. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Tjáningarfrelsið er ein af grundvallarstoðum lýðræðissamfélaga, en frjáls umræða og skoðanaskipti eru mikilvæg lýðræðinu.

4. Getur verið nauðsynlegt að takmarka tjáningarfrelsi?

Það er forsenda lýðræðisþjóðfélags að allur almenningur geti tekið virkan þátt í opinberri umræðu. Stundum þarf þó að takmarka tjáningarfrelsið til þess að aðrir þurfi ekki að þola mismunun og ofsóknir. Þrátt fyrir mikilvægi tjáningarfrelsisins getur frelsi eins til tjáningar og grundvallarréttur annarra skarast. Þess vegna getur verið nauðsynlegt að setja tjáningarfrelsinu skorður.

Í 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar er gert ráð fyrir því að allir beri ábyrgð á tjáningu sinni en þar segir að mönnum sé frjálst að láta í ljós hugsanir sínar en þeir skuli ábyrgjast þær fyrir dómi. Aðeins má takmarka tjáningarfrelsið með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði





manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist skerðingin nauðsynleg og samrýmis lýðræðishefðum (3. mgr. 73 . gr. stjórnarskrárinnar.)

Vernd tjáningarfrelsis felur þ.a.l. í sér frelsi til að tjá skoðanir sem eftir efni og orðalagi falla í grýttan jarðveg, móðga, særa eða hneyksla, en ekki er hægt að réttlæta málf lutning sem felur í sér rasisma eða mismunun með vísan til tjáningarfrelsis.

5. Hvaða áhrif getur hatursorðræða haft á okkur sem einstakling og á samfélagið í heild sinni?

Hatursorðræða getur haft alvarlega afleiðingar bæði fyrir einstaklinginn, þann hóp sem einstaklingurinn tilheyrir og fyrir samfélagið sem heild. Hún vekur ótta hjá þeim sem fyrir henni verða, ýtir undir staðalmyndir og getur jafnvel verið undanfari líkamlegs ofbeldis.

6. Hvers vegna ætli fólk skrifi hatursfull skilaboð á netið?

Hvers vegna verður hatursorðræða til? Fordómar og staðalímyndir (eða stereótýpur) hafa mikið með þetta að gera. Staðalímyndir fyrirframgefnar hugmyndir sem kenndar eru við tiltekinn hóp fólks. Þessar hugmyndir standast sjaldan nánari athugun enda er erfitt að halda því fram að allir sem tilheyra ákveðnum hópi fólks séu eins. Dæmi um staðalímynd er t.d. glimmerhomminn sem hefur áhuga á tísku og feministinn sem hatar karlmenn. Staðalímyndir birtast víða líkt og í bókum og í sjónvarpsþáttum eða kvikmyndum. Þessar fyrirfram gefnu hugmyndir um ákveðna hópa fólks réttlæta í hugum margra neikvæða og jafnvel hatursfulla orðræðu.

7. Á hvaða hátt hefur netið aukið neikvæð áhrif hatursorðræðu?

Það er ekkert nýtt að hatursorðræða hafi gríðarleg neikvæð áhrif, en þessi áhrif eru orðin meiri og alvarlegri vegna þess hversu auðvelt það er að deila skoðunum sínum í athugasemdum á netinu og á samfélagsmiðlum. Sem dæmi getum við rekist á mjög skaðleg myndbönd og falsfréttir á netinu. Öll getum við gert þau mistök að greina þetta efni ekki sem rangfærslur heldur trúa því sem þar kemur fram og deila því áfram.

8. Getur verið að aukin samskipti fólks í gegnum netið geri okkur líklegri til að dreifa hatursfullum skilaboðum? Getur netið hjálpað við baráttuna gegn hatursorðræðu?

Netið skapar ákveðna fjarlægð frá þeim sem við erum að ávarpa. Fólk skrifar ýmislegt á netið sem að það kæmi aldrei til með að segja við manneskjuna ef að þau hittust. Það hefur einnig áhrif að þegar við skrifum eitthvað á netið líður





síðast uppfært dags. 10.7.2024

oftast einhver tími þangað til að við getum átt von á að fá einhver viðbrögð á móti.

Þrátt fyrir þetta veitir netið okkur einnig tækifæri til að sýna samstöðu með þeim sem verður fyrir neikvæðum athugasemdum. Við getum t.d. hrósað góðu framtaki, leiðrétt rangfærslur eða skrifað eitthvað fallegt undir myndina sem einhver annar ákvað að hæðast að.

9. Hvað fleira getum við gert til að koma í veg fyrir hatursorðræðu? Það mikilvægasta er að vera meðvituð um hversu skaðleg hatursfull skilaboð geta verið og forðast að „læka“ eða deila áfram hatursfullum skilaboðum eða myndböndum.

10. Hvernig getur hatursorðræða og skaðleg orðræða haft áhrif á lýðræðislega þátttöku fólks?

Í könnun á vegum Fjölmiðlanefndar frá árinu 2021 sagðist helmingur þátttakenda hafa orðið varkárari í að lýsa skoðunum sínum í umræðum á netinu í kjölfar háðs eða ögrunar, 32,8% sögðust frekar taka þátt í umræðum í lokuðum hópum og 20,6% hættu að taka þátt í umræðum á netinu.

Þar sem netið er mikilvægur samskiptavettvangur í lýðræðislegri umræðu má telja alvarlegt ef hluti fólks telur sig verða fyrir áreiti, neteinelti eða haturstali og hættir þar af leiðandi að taka þátt í opinberri umræðu.



Reykjavík